**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/145** **2019/EES/58/02**

**frá 30. janúar 2019**

**um leiðréttingu á hollensku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 68/2013 um skrána yfir fóðurefni** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]), einkum 3. mgr. 26. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í hollensku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ([2]) er villa í færslum 13.8.1 og 13.8.2. í C-hluta viðaukans að því er varðar tilvísun í efnisþætti fóðurefnis sem þarf að tilgreina. Villandi tilvísun í „raka“ í stað „kalíums“ hefur áhrif á gildissvið tiltekinna skyldna rekstraraðila.

2) Því ætti að leiðrétta hollensku útgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 68/2013 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(Á ekki við um ensku útgáfuna).*

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls 1).